

# AUGLÝSING

## um umferð í Hveragerði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hveragerði hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Að í stað stöðvunarskyldu á Breiðumörk, beggja megin Suðurlandsvegar komi biðskylda.
2. Að í stað biðskyldu á Hveramörk við Breiðumörk komi:
  - a) biðskylda á Hveramörk við miðbæjartorg,
  - b) biðskylda á miðbæjartorg við Breiðumörk, beggja megin torgsins.
3. Að bannað sé að leggja ökutækjum við syðri akbrautarkant Heiðmerkur milli Bláskóga og Laufskóga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Sýslumaðurinn á Selfossi, 19. nóvember 1996.*

**Karl Gauti Hjaltason ftr.**

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 183/1990, um skil á staðgreiðslu, með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 73/1993.

1. gr.

A. liður 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjaldheimtan í Reykjavík er innheimtuaðili staðgreiðslu í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 41. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, og heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1997.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. desember 1996.*

F. h. r.

**Jón Guðmundsson.**

---

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*